

SÁLFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

(ICELANDIC PSYCHOLOGICAL SOCIETY)

LÁGMÚLA 7 • 108 REYKJAVÍK

Ágústa H. Lárusdóttir,
Menntamálanefnd Alþingis.

Alþingi
Erindi nr. P 118 1996
komudagur 12 1995

Reykjavík, 26. janúar 1995

Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, 126, heildarlög

Í 42. gr. og 43. gr. frumvarpsins er rætt um sérfræðipjónustu. Stjórn Sálfræðingafélagsins álitur nauðsynlegt að endurskoða þessar greinar m.t.t. sálfræðipjónustunnar.

1. Það þarf að koma skýrt fram, að verkefni sálfræðipjónustu er að annast forvarnarstarf til að fyrirbyggja geðræn vandkvæði og vera ráðgefandi um umbætur í skólasterfi.
2. Einnig þarf að skerpa muninn á sérfræðings- og sálfræðipjónustu. Sálfræðipjónustu geta ekki aðrir annast en sálfræðingar og yfirmaður þeirra þjónustu á að vera sálfræðingur.


Að undanfögnu hafa orðið veigamiklar breytingar á lögum um þjónustu við börn, unglinga og fjölskyldur þeirra. Yfirvofandi flutningur verkefna frá ríki til sveitafélaga mun væntanlega hafa frekari breytingar í för með sér. Af þess tilefni vill stjórn Sálfræðingafélagsins leggja sérstaka áherslu á virkar forvarnir á sviði uppeldis- og geðverndar. Lagalegur rammi um þessa starfsemi þarf að vera skýr, þannig að ljóst sé hver ber ábyrgð á því að vinnan sé unnin og að stofnanir og hagsmunaaðilar geti ekki vísað frá sér ábyrgð.

Með lögum um grunnskóla 1974 var fyrst kveðið á um þjónustu sálfræðinga í grunnskólum. Lögin báru vott um mikinn metnað um markvisst forvarnarstarf og má fullyrða að með setningu laganna hafi andlegri velferð barna verið gert jafn hátt undir höfði og líkamlegu heilbrigði. Sálfræðingum var ljóslega ætlað það hlutverk að nýta þekkingu sína í barnaverndarskyni innan grunnskólakerfisins. En þeir sem hafa setið við stjórnvölin í íslensku skólakerfi á síðustu áratugum hafa ekki borið gæfu til að fylgja eftir hinum metnaðarfullu markmiðum laganna frá 1974. Í núverandi lögum er ekki skýrt kveðið á um hlutverk sálfræðinga í forvarnarstarfi og í þeim drögum, sem hér er verið að fjalla um, er það engu skýrara. Í frumvarpinu er ómarkviss notkun á heitunum sérfræðingur og sálfræðingur. Það er mjög mikilvægt að þegar verið er að tala um að nýta uppeldis- og sálfræðipekkingu í skólasterfi sé undirstrikað að sálfræðingar sinni þeirri vinnu.

Að dómi sálfræðinga er þessi staða óviðunandi þar sem það er hagsmunamál okkar allra að virk sálfræðipjónusta sé í boði innan skólakerfisins. Hvergi í samfélaginu gefast sambærilegir kosti á tengslum almennrar og sérhæfðrar þjónustu og þessar aðstæður ber að nýta í geðverndarskyni til hagsbóta fyrir samfélagið og þegnana. Skólakerfið þarf því að ráða yfir nauðsynlegri sérfræðipækkingu á sviði sálar- og uppeldisfræði til að rækja mikilvægt hlutverk sitt á þessu sviði.

Mismunandi aðstæður á landinu kalla á ýmis rekstraform, en það verður umfram allt að tryggja að þjónustan standi öllum til boða, að þjónustan verði sem samfelldust fyrir börn 0 til 18 ára og óháð búsetu, efnahag, skólagöngu, fjölskylduaðstæðum, fötlunum o.s.frv.

Virðingarfyllst,



Hugo Þórisson, formaður,
Sálfræðingafélags Íslands.